

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd, Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 25. nóvember 2015 deiliskipulag fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd. Deiliskipulagið nær til 3,5 ha svæðis. Í deiliskipulaginu felst að heimilt er að bæta við alifuglahúsi og breyta þeim sem fyrir eru þannig að húsakostur uppfylli kröfur reglugerðar um velferð dýra. Fyrirhugað er að reisa u.þ.b. 70 m langt alifuglahús innan byggingareits B-1 og heimilt er að lengja núverandi hús í u.þ.b. 70 m. Jafnframt er heimilt að stækka tvö starfsmannahús um 100 m² hvort. Innan svæðisins er 1500 tonna haugþró. Heildar aukning byggingarmagns verður um 3000 m² og heildar byggingarmagn á svæðinu verður 7000 m². Hámarkshæð bygginga er 8 m. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 6. janúar 2016.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2016